

Fundargerð 159. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn fimmtudaginn 9. desember 2021 kl. 11:00 á skrifstofu VM Stórhöfða 29 og í gegnum fjarfundarbúnað.

Mættir: Guðmundur Helgi Þórarinnsson, Einar Sveinn Kristjánsson, Samúel Ingvason, Kristmundur Skarphéðinsson, Sigurður Jóhann Erlingsson og Andrés Bjarnason

Fjarfundur: Pétur Freyr Jónsson og Sigurður Gunnar Benediktsson

Fjarverandi: Agnar Ólason

Dagskrá:

1. Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr. 158. Fundargerð samþykkt og undirrituð.
2. Skýrsla formanns og staða kjaramála.

Síðast þegar við skyldum var framundan fundur með laganefnd. Það kom fram hjá þeim að þeir megi ekki gera neitt að eigin framkvæmd, það þarf að koma formleg beiðni. Formaður bað fyrir hönd stjórnar að þeir myndu skoða allt í sambandi við rafrænar kosningar, hvort þær séu löglegar og samræmist lögum ASÍ. Formaður sagði að hann hefði alltaf farið eftir því sem stendur á heimasíðunni þ.e. boðað þá sem eru nefndir þar. Við vorum að breyta þessum texta því að á stjórnarfundi í júní 2017 var skipað í nýja laganefnd en ekki lagað á heimasíðunni. Formaður fann skjalið þar sem stendur breyting á reglugerðinni og starfsreglu sem síðan hefur ekki verið farið eftir. Stjórn á að kjósa nýja laganefnd á fyrsta fundi eftir stjórnarkjör. Formaður óskaði eftir að fá að koma með tillögum á næsta fund hvernig á að skipa í nefndir og hvenær. Samþykkt

Ekkert hefur verið fundað vegna sjómanna. Hins vegar hefur myndast samtál á milli SSÍ og Félags smáskipa, ekki verið gerður samningur við þá í mörg ár. Nú er möguleiki á að semja við þá en það verður að fara í gegnum alla og alveg ljóst að Lífeyrissjóðurinn þarf þá að koma inn í. Við höfum átt fundi með Brim þar sem við höfum verið að ræða mál sem við teljum þá ekki mega gera en þeir ekki sammála því. Þeir fóru svo að tala um að það þyrfti að gera samning um skiptimannakerfið og við sögðumst vera til í að gera það ef þeir myndu gera við okkur sérkjarasamning. Þeir sögðust ekki geta það því SFS væri með umboðið og við bentum á að samkvæmt lögum þá geta þeir alltaf afturkallað það. Þeir hlógu bara og sögðu að þetta þyrfti aðrir að taka ákvörðun um og nú bíðum við eftir að heyra í honum. Marel tók yfir Völku, það var vinna hér þegar starfmennirnir voru færði yfir, allir okkar menn fengu boð um að fara yfir. Samningur við Kerfóðrun er í vinnslu. Aftur fundur í næstu viku. Strandar að einhverjum hluta á vinnutímastyttingu. Spurt var hvort kjarakönnun væri einu sinni á ári eða annað hvert ár. Hún er á hverju ári, menn eru ekki að nenna að svara þessu og það er alltaf eitthvað vesen. Formaður telur betra

að gera þetta á hverju ári. Verið að hringja út líka í þá sem eru búnir að svara. Stungið var upp á að ræða um þessa kjarakönnun þegar farið er í vinnustaðaheimsóknir, útskýra hvers vegna

er verið að gera þetta. Formaður sagði að trúnaðarráðið yrði kallað saman í janúar og þá væri sniðugt að ræða aðeins þessa kjarakönnun. Formaður ræddi um fyrirhugaða fundaðerð fyrir jóla og á milli jóla og nýjárs. Stefnt er á Ísafjörður, Vestmannaeyjar, Höfn, Fjarðarbyggð, Akureyri, Snæfellsnes, og svo tvo fundi í Reykjavík. Fundir hafa verið hjá ASÍ, í miðstjórn, efnahags og skattanefnd og fleiri nefndum. Undir liðnum til upplýsingar eru gögn sem tengjast ASÍ.

Endurskoðun v. 2021 er að byrja og búinn einn fundur með Ernst&Young.

- 3. Orlofsmál.** Orlofsnefndin fundaði um daginn og Hönnun og Eftirlit var með á fundinum. Áður hafði verið farið og skoðað á Laugarvatni, hvar væri hentugast að setja þessi 2 nýju hús sem á að byggja. Farið er af stað með að fá tilboð í bygginguna og að fá tilboð í gömlu húsin þó svo það verði bara kostnaðurinn við að flytja þau. Talað var um að þegar þetta hafi verið í vor þá hefðum við ekki endilega verið að tala um að hafa eins hús. Markmiðið er að fá tilboð og taka svo ákvörðun um hvernig hús verða byggð. Spurt var, á síðasta aðalfundi samþykktum við að fara í þessar framkvæmdir, þegar verðin eru komin þurfum við þá að fara aftur með þetta fyrir aðalfund? Svarið er nei. Annað í sambandi við Laugarvatn, það er verið að sækja um endurnýjun á leyfi fyrir sundlaugina þegar það er komið þarf að huga að því endurnýja dúkinn í lauginni og nýjar síur og eitthvað fleira. Svo erum við að fá Einarstaði í hausinn, byggðin þar sér um ákveðið viðhald og það er verið að fara í að skipta um þak, á hálfónýtu húsi. Þeir sem hafa tekið húsin sín í gegn og stækkað aðeins segja að það sé betra að kaupa nýtt því það er mikill kostnaður við að endurnýja. Hönnun og eftirlit fer eftir helgi ásamt starfsmanni félagsins og skoðar ástandið á húsinu. Stjórnarmaður sagði frá því að hann hefði hitt forstöðumann í Flókalundi og það er búið að vera að endurnýja bústaðina að innan. Nú er unnið að því að klæða húsin að utan og það sem hamlaði því helst að þetta gætu verið heilsárshús sé vatnið. Búið er að sækja um að koma vatninu ofan í jörð, það er líka eitthvað vesen á heitavatninu og það er verið að skoða það. Við eigum hús að hálfu með Sjómannafélagi Bolungarvíku og þeir eru mjög lélegir að nýta húsið, spurning hvort við gætum fengið þessar vikur sem fara ekki út hjá þeim. Orlofsnefndin mun skoða þetta og kemur með tillögu þegar þetta liggur betur fyrir.

4. Fjárhagsáætlun 2022

Lög var fram fjárhagsáætlun ársins 2022 og borin fram til samþykktar. Formaður fór yfir áætlunina. Spurning um endurnýjun á bíl, kaupa nýjan eða skoða með rekstarleigu. Ákveðið að setja inn 4.000.000, áður hefur verið samþykkt að endurnýja bíl formanns á 4ra ára fresti. Umræður voru um áætlunina. Formaður fór einnig yfir fjárhagsáætlun 2F. Ekki endanlegt skjal þar sem hlutfallsprósentan getur breyst en þetta verður klárað fyrir áramót. Kosið var um áætlanirnar, fyrst var kostið um fjárhagsáætlun VM og var hún samþykkt síðan var kosið um áætlun 2F frá 8/12 og var hún samþykkt, 6 sögðu já, einn var á móti og einn sat hjá.

5. Samvinna á Stórhöfða.

Það er búið að funda 1x með Birtu varðandi innheimtuna. Það munar rúmum 20% á þeim sem borga mest og þeim sem borga minnst. Þeir hjá Birtu viðurkenndu að það þyrfti að laga þetta. Það er komin 3ja manna nefnd að vinna í þessu og stefnt að klára fyrir áramót. Lífeyrissjóðirnir eru að láta hanna nýtt innheimtukerfi í stað Jóakim þar sem hann er orðinn

úreltur. Síðan er verið að kynna fyrir okkur PR. mann, spurning hvort það á að ráða hann sem verktaka. Rætt var um vefsíðuna okkar enn og aftur, menn óánægðir með hana. Verið er að vinna í nýrri síðu með hinum félögunum, formaður sagðist ekki vita stöðuna alveg.

6. Lagt fram til upplýsingar.

Stjórnarsáttmálinn 2021 og ályktun miðstjórnar ASÍ um stjórnarsáttmálan.

7. Önnur mál.

Spurt var um laganeftndina. Formaður bað þá að skoða rafrænu kosningarnar. Stjórnin þarf svo að koma á þá fleiri verkefnum. Umræðan var ekki að breyta heldur yfirfara/prófarkalesa. Ef ein grein stangast á við aðra þá þarf að laga það. Rætt var um aukaaðild fyrir þá sem eru að greiða í annað félag. Formaður talaði um lágagjaldið og hvað hefði falist í því. Spurt var hvers vegna þetta hefði verið fellt út. Eitthvað er það á huldu en formaður ætlar að finna af hverju lágagjaldið var tekið upp og af hverju það var tekið út. Ef þetta á að fara fyrir laganeftnd þá þarf að vera einhver klausa varðandi það og aðalástæðan sé að viðkomandi hafi greitt í félagið í x mörg ár. Það þarf að móta tillögu frá stjórn til að leggja fyrir laganeftnd. Formaður tók að sér að vinna tillögu og leggja fyrir stjórn og líka að koma með tillögu varðandi allar þessar nefndir, hvernig, hvenær og hvers vegna menn eru skipaðir í þær. Setja líka orlofsnefnd í kostningu á aðalfundi til að það sé ekki bara ákveðið af stjórn hverjir eru í henni.

- Spurt var:

Afsal fyrir Stórhöfða 29 er það komið, formaður svaraði því neitandi, ekki fyrr en skiptaprósentan liggur fyrir.

Í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar er talað um standandi gerðadóm. Hefur eitthvað verið rætt um þetta innan hreyfingarinnar. Er ekki verið að taka verkfallsréttinn af fólki? Samkvæmt skilmálum lögfræðinga ASÍ er þetta hægri hönd sáttasemjara. Stéttarfélögin hafa farið þannig í þetta að stóru félögin eru öll að mótmæla þessu.

Aftur að Stjórnarsáttmálanum, þar er aldeilis tækifæri fyrir 2F að beita sér að mikilli hörku „en þar stendur „Tæknibreytingar kalla á nýja færni fólks til að starfa í flóknu samfélagi og þáttur sí- og endurmenntunar verður enn mikilvægari. Áfram verður unnið að eflingu iðn- og verknáms um land allt og áhersla lögð á að fjölga fólki með tækni- og raungreinamenntun“ þarna eigum við að berja á þeim og ná fram einhverju í okkar skóla varðandi tæki og tól. Það er verið að vinna í þessu eitthvað í gengum IÐUNA og fleiri. 2 F er búið að óska eftir viðtali við forsætisráðherra og menntamálaráðherra.

Kjarasamningur sjómanna, lífeyrissjóðurinn, í sáttmálanum stendur að lögfesta verði 15.5% skylduiðgjald í lífeyrissjóð. Búin að fara með þetta í ASÍ. Þessi lög hafa alltaf verið sett áður en allir eru komnir með og þá talað um að það gildi fyrir þá sem höfðu samið um aðra prósentu í kjarasamningum.

- Fundarplan 2022, samþykkt.